

65

29. apríl

23. gr.

Hverja þá skipun, er samkvæmt reglugerð þessari má gefa skipum, skal gefa stýrimanni, ef skipstjóri er ekki á skipi og ekki heldur umboðsmaður hans. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina, og er það jafngilt og skipstjóri hefði fengið hana sjálfur.

24. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 68 11. júní 1938, um hafnargerð á Raufarhöfn, til að öðlast gildi 15. maí 1941, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld hafnarreglugerð fyrir Raufarhafnar-kaupþún frá 31. júlí 1931.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 29. apríl 1941.

Ólafur Thors.

Páll Pálmason.

66

2. maí

AUGLÝSING

um staðfesting dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á samþykkt um breyting á lögreglusamþykkt fyrir Vestmannaeyjar nr. 41 31. marz 1928.

Samkvæmt lögum nr. 1 3. jan. 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóv. 1919 og lög nr. 88 11. júní 1938, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, er hér með staðfest eftirrituð

SAMÞYKKT

um breyting á lögreglusamþykkt fyrir Vestmannaeyjar.

1. gr.

Í stað orðanna „frá kl. 11½“ í 67. gr. komi: frá kl. 12.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi þegar í stað.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 2. maí 1941.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.